

# ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTÍÐ.

Reykjavík, 31. des. 1925.

Jafnframt því að senda yður, herra hreppstjóri, hjer-  
./.með innlagt skipunarbrjef handa yður sem umboðsmanni Arnarstapa-  
og Skógarstrandarumboðs og Hallbjarnareyrar, skal lagt fyrir yður  
að veita umboðinu móttöku af fráfarandi umboðsmanni Jóni Proppé,  
kaupmanni í Ólafsvík, og að senda ráðuneytinu síðan sem fyrst  
kvittun fyrir móttöku þess, ásamt skrá yfir þær bækur og skjöl  
umboðsins, sem þjer veitið móttöku.

Skipunarbrjefinu ber yður að láta þinglýsa á persónu-  
legu varnarþingi yðar og í þingháum þeim, er þjer kunnið að eiga  
fasteignir í og senda hingað síðan vottorð um að þinglýsingar ~~þú~~  
svo og þinglýsingar þær, sem getur um í skipunarbrjefinu, hafi  
farið fram.

Veð það, sem yður ber að setja fyrir ríkissjóðstekjum  
af umboðinu og því fje þess, sem þjer kunnið að hafa undir hönd-  
um, og að öðru leyti til tryggingar þeirri ábyrgð, er þjer kynn-  
uð að baka yður með umboðsmenskunni, er hjermeð ákveðið að vera  
skuli 3300 kr. í peningum, ríkissjóðulabréfum, bankavaxtabréfum  
veððeildar Landsbankans eða fasteign, er sje að minsta kosti 33  
hndr. að dýrleika eftir nýju mati og ekki virt minna en 100 kr.  
hvert hundrað af tveim mönnum, er hlutaðeigandi sýslumaður kveðnr  
til þess og væntir ráðuneytið þess, að hin umrædda veðsetning  
komist í kring sem fyrst.

Til

hr. hreppstjóra Ólafs Bjarnasonar,  
Brimilsvöllum, Fróðárhreppi.